



Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1137*  
*komudagur 25.2.2004*

Reykjanesbær 23. febrúar 2004

**Málefni:** Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008; 477. mál.  
Umsögn Reykjanesbæjar.

Reykjanesbær styður alla viðleitni í umhverfismálum sem miðar að því að umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á Suðurnesjum séu sem jákvæðust. Í því sambandi er m.a. mikilvægt að fyrir liggi vönduð náttúruverndaráætlun. Að mati Reykjanesbæjar þarf slík áætlun að taka heildstætt á landnýtingu. Lögð er áhersla á að saman fari náttúruvernd í víðum skilningi þess hugtaks og varfærnisleg fjölnýting auðlinda einstakra svæða. Fyrirtækjum sem sýnt hafa um árabíl góða umgengni við náttúruna og hafa komið upp viðurkenndum gæðakerfum og innra eftirliti í þágu virtra umhverfissjónarmiða ber að treysta.

Mikilvægt er að styrkt séu tengsl við lög, sem snerta rannsóknir á og vinnslu jarðhita, grunnvökva og vatnsfalla. Án þess er hætt á að matsaðferðir, sem notaðar eru verði ekki heildstæðar.

Nokkuð virðist skorta á að það sé gert í þeim drögum sem nú liggja fyrir.


Þá virðist hafa skort á að höfundar áætlunarinnar hafi ráðfært sig við ráðgjafa fyrirtækja sem vinna við náttúruauðlindir á Reykjanesi eða sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, þrátt fyrir að það sé gefið til kynna í skýrslunni. Þetta hefur skapað tortryggni í garð umhverfisyrivalda sem er skaðlegt. Þar af leiðir vilja sveitarstjórnarmenn fá skýrari upplýsingar um hversu margir hafa komið að grunngerð skýrslunnar og til hverra á Suðurnesjum var leitað við gerð hennar.

Skýrsluhöfundum má vera ljóst að jarðlindanýting er mikilvæg undirstaða í sjálfbærri þróun sveitarfélaga á Suðurnesjum. Það er skoðun Reykjanesbæjar að með virku samráði hagsmunaaðila megi auðveldlega flétta saman starfsemi á sviði jarðhita- og grunnvökvánýtingar við verndun jarð- og náttúruminja. Til þess þarf að hefja samráð við fyrirtæki og hagsmunaaðila hér á svæðinu. Án slíks samstarfs þar sem verkefnið yrði unnið sameiginlega, farið yrði yfir rök og sköpuð heildstæð sýn, verður friðlýsing sem hér er fyrirhuguð fremur séð sem aðför að sveitarstjórnnum og fyrirtækjum á svæðinu en æskileg náttúruverndaráætlun.

Að mati sveitarstjórnarmanna og fyrirtækja sem Reykjanesbær er aðili að er því fyrirhuguð friðlýsing alltof óljós, án heildstæðrar sýnar og röksemda og gæti því óbreytt skaðað skynsamlega nýtingu auðlinda okkar.

Reykjanesbær lýsir sig áfram reiðubúinn til samráðs við umhverfisyrivöld um náttúruverndaráætlun á svæðinu.

Virðingarfyllst  
f.h. Reykjanesbæjar,

  
Árni Sigfússon  
bæjarstjóri